

## VIÐAUKI 2.7

**Um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.**

Viðaukinn verður birtur í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni staðfestingu umhverfisráðuneytis, sbr. 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

14. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Samþykkt þessi, sem sett er af borgarstjórn Reykjavíkurborgar skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2005. Ný fagráð skv. B-lið 61. gr. skulu þó kosin til loka kjörtímabilsins við birtingu samþykktarinnar og skulu þau taka til starfa 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur niður umboð eftirtalinn nefnda og ráða og eru fulltrúar í þeim þá jafnframt leystir frá störfum:

1. Félagsmálaráð.
2. Fræðsluráð.
3. Íþrótt- og tómstundaráð (eldra).
4. Leikskólaráð.
5. Menningarmálanefnd.
6. Samgöngunefnd.
7. Skipulags- og byggingarnefnd.
8. Umhverfis- og heilbrigðisnefnd.
9. Stjórn Fasteignastofu.
10. Stjórn Höfuðborgarstofu.
11. Stjórn Vinnuskólans.

*Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

---

*Lárus Bollason.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.**

1. gr.

Orðin „næstliðins árs“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2004.*

**Árni Magnússon.**

---

*Guðjón Bragason.*